

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 23. apríl 2021 í máli nr. 113/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Kolbrún Arna Villadsen lögfræðingur.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 14. október 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðila beri að endurgreiða sér leigugjald í samræmi við skilmála varnaraðila í kjölfar afbókunar á fyrirhugaðri leigu á bifreið.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 16. október 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör bárust frá varnaraðila þann 28. október 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, bókunarstaðfesting vegna leigu á bifreiðinni ásamt samningsskilmálum og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila

Með bréfi, dags. 22. desember 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 22. desember 2019 um fyrirhugaða leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila frá 4. til 24. júlí 2020. Sóknaraðili greiddi alls 222.000 krónur til varnaraðila vegna fyrirhugaðrar leigu á bifreiðinni. Sóknaraðili afpantaði leigu bifreiðarinnar þann 4. maí árið 2020 og krafðist endurgreiðslu í samræmi við skilmála varnaraðila. Varnaraðili staðfesti þann 6. maí 2020 að sóknaraðili ætti rétt á endurgreiðslu sem nemur 75% af heildargreiðslunni samkvæmt skilmálunum.

Í fyrstu kvaðst varnaraðili ekki hafa endurgreitt sóknaraðila þar sem kreditkort hans var ekki virkt, en það hafði fallið úr gildi. Varnaraðili fékk síðar greiðsluupplýsingar.

Í andsvörum sínum til kærunefndarinnar fellst varnaraðili á að sóknaraðili eigi rétt á endurgreiðslu sem nemur 75% heildargreiðslu fyrir leigu á bifreiðinni. Sóknaraðili kveðst hins vegar ekki enn hafa fengið endurgreitt í samræmi við skilmálana þrátt fyrir ítrekanir.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 22. desember 2019 um fyrirhugaða leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila. Leigutíminn var ákveðinn frá 4. júlí til 24. júlí árið

2020 og greiddi sóknaraðili alls 222.000 krónur fyrirfram fyrir leigu bifreiðarinnar. Sóknaraðili tilkynnti varnaraðila þann 4. maí árið 2020 að honum væri ekki fært að taka bifreiðina á leigu og krafðist endurgreiðslu í samræmi við skilmála varnaraðila. Varnaraðili féllst á endurgreiðslu í samræmi við skilmála sína þann 6. maí 2020 en endurgreiðsla hefur ekki borist sóknaraðila.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. laganna. Þrátt fyrir að varnaraðili hafi fallist á kröfu sóknaraðila hefur endurgreiðsla ekki borist. Er því uppi ágreiningur í málinu sem heyrir undir kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa í skilningi laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna.

Sóknaraðili og varnaraðili hafa bent á, og eru sammála um, að eftirfarandi ákvæði um afpöntun í skilmálum varnaraðila, hafi verið í gildi þann 22. desember 2019 þegar samningur komst á milli aðila:

„If the renter cancels a reservation 30 days or earlier before planned pickup time the rental company will charge a cancellation fee which amounts to 25% of the total rental price.

If the renter cancels 7-29 days before planned pickup time the rental company will charge a cancellation fee which amounts to 50% of the total rental price.

If the renter cancels 0-6 days before planned pickup time or does not show up (no-show) the rental company will charge a cancellation fee which amounts to 100% of the total rental price.

Amendment fee of 50 EUR, according to article 8.3.1, is charged in case of amendment plus the additional rental cost of the amendment. The rental company will not issue a refund in case the amendment results in a lower total rental price.”

Í samningi sóknaraðila og varnaraðila sagði samkvæmt framangreindu að ef leigutaki bifreiðar hættir við leiguna þegar 30 dagar eða lengra er þar til leigutímabil á að hefjast, verði 75% leigugjaldsins endurgreitt. Þegar sóknaraðili afpantaði leigu bifreiðarinnar þann 4. maí árið 2020 voru um tveir mánuðir þar til leigutími sóknaraðila átti að hefjast. Leigusamningur milli málsaðila var saminn af varnaraðila. Framangreint ákvæði um endurgreiðslu vegna afbókunar er skýrt í skilmálum varnaraðila án nokkurs fyrirvara um endurgreiðslur þegar skilyrði ákvæðisins um tímamörk afbókunar eru uppfyllt.

Er því fallist á kröfu sóknaraðila. Varnaraðila ber að endurgreiða sóknaraðila 75% leigugjaldsins að fjárhæð 166.500 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 166.500 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Kolbrún Arna Villadsen